



Reykjavík, 8. apríl 2024

USK24120184

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar, bílastæðasjóður

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 18. desember 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Eiga þær kvartanir við rök að styðjast að ef greiðandi stöðugjalds hafi ekki aðgang að heimabanka, sé honum ekki gefinn kostur á að ljúka málinu með því að greiða höfuðstól (byrjunarupphæð) umræddrar kröfu, heldur sé krafan send til innheimtufyrirtækis, sem sendi þá greiðandanum innheimtukröfu með álagi?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, bílastæðasjóðs, dags. 15. janúar 2025.

Svar:

Einstaklingur sem hefur ekki aðgang að heimabanka getur greitt gjald á heimasíðu Bílastæðasjóðs. Tilkynning um álagningu gjalds er send inn á island.is. Ef greitt er í gegnum heimasíðu Bílastæðasjóðs er hægt að fá afslátt sé greitt innan þriggja daga líkt og ef greitt er í heimabanka. Einnig er hægt að greiða gjaldið með ákveðnu álagi eftir 14 og 28 daga. Hækkunin er lögbundin í samræmi við umferðarlög og ber gjaldið ekki dráttarvexti. Eftir tvo mánuði fer gjaldið til innheimtufyrirtækis.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík